



United Nations
Educational, Scientific and
Cultural Organization



Reykjanes
UNESCO
Global Geopark

SAMNINGUR UM LEYFI FYRIRTÆKIS TIL AÐ NOTA MERKI REYKJANES UNESCO GLOBAL GEOPARK Í MARKAÐSSETNINGU OG Á TILTEKINNI FRAMLEIÐSLU

REYKJANES UNESCO GLOBAL GEOPARK, ICELAND

Reykjanes Geopark hlaut aðild að European Geoparks Network (EGN) og Global Geoparks Network (GGN) (nú UNESCO Global Geoparks (UGG)) í september 2015.

Fyrirtæki sem skrifa undir samning þennan eru samstarfsaðilar Reykjanes UNESCO Global Geopark (RGP) og vinna að eflingu geo-ferðapjónustu á starfssvæði RGP.

Reykjanes UNESCO Global Geopark og

Nafn fyrirtækis: *Reykjanehöfu*
Kennitala: *410190-1099*
Heimilisfang: *V. Mæbraut 11*
Póstnúmer og sveitarfélag: *230 Reykanez*
Netfang: *reykjanehofu@reykjanedfu.is*

hafa samþykkt eftirfarandi:

f.h. samstarfsfyrirtækis

Reykjanez 03.09.2019

Staður/dagsetning

f.h. Reykjanes Geopark

1. Markmið og viðmið

1.1. Tilgangur EGN/UGG er að vernda og viðurkenna jarðfræði arfleifð, menningu og náttúrufar í gegn um vernd, fræðslu og sjálfbæra notkun arfleifðarinnar á viðkomandi svæðum.

1.2. Samstarfssamningurinn er undirritaður af fulltrúa RGP og fulltrúa fyrirtækisins. Í honum felst gagnkvæm skuldbinding gagnvart markmiðum EGN/UGG.

1.3. Samstarfssamningnum er ætlað að mæta þörfum gesta, fyrirtækja og samfélagsins á staðnum til að festa geo-ferðapjónustu í sessi.

2. Skyldur fyrirtækisins

2.1. Fyrirtækið skal uppfylla öll almenn lagaleg skilyrði varðandi fyrirtæki við undirritun samningsins og á gildistíma hans.

2.2. Fyrirtækið ætti að öðru jöfnu að vera stofnað í Reykjanes UNESCO Global Geopark og/eða starfa að minnsta kosti að hluta til innan hans. Leyfðar eru undantekningar á þessari reglu ef þykir þjóna hagsmunum svæðisins m.t.t. uppbyggingar og efnahagslegs ávinnings.

2.3. Að beiðni RGP skal fyrirtækið veita upplýsingar um hvaða árangri hefur verið náð varðandi sameiginleg verkefni.

2.4. Fyrirtækið ábyrgist að selja hvorki steindir, grjót né steingervinga og miðla upplýsingum um mikilvægi þess að umgangast jarðminjar í samræmi við reglur EGN/UGG og RGP.

2.5. Fyrirtækið skal kynna tengsl við jarðminjar, náttúru- og/eða menningarminjar RGP með vandaðri upplýsingagjöf á vöru sinni.

2.6. Fyrirtækið skal leitast við að fylgja sjálfbærri stefnu í umhverfismálum, m.a. varðandi úrgang, vatn og orkunotkun og stefnu þá sem RGP gefur út og er hvatt til þess að taka þátt í verndaráætlunum svæðisins og landshlutans.

2.7. Fyrirtækið skal vera reiðubúið til samráðs við RGP og einnig önnur fyrirtæki til að þróa samstarfið frekar við RGP. Náð samstarf er mikilvægt til gagnkvæms ávinnings fyrir aðila samningsins.

3. Einkenni svæðisins (e. local character)

3.1. Fyrirtækið skal leitast við að halda fram sérstöðu svæðisins, t.d. með því að:

- auðvelda gestum að njóta náttúrunnar undir leiðsögn staðarleiðsögumanna
- að halda fram (e. promote) framleiðslu svæðisins og þjónustu/atvinnu í héraði.
- að rækta virðingu og vitund gesta fyrir náttúru og menningararfi RGP með kynningu um hefðir, venjur og tengingu við náttúrufarslega sérstöðu.
- ýta undir tengsl milli landslags og matarhefðar sé um matvöru að ræða.

3.2. Við undirskrift samningsins skal samstarfsfyrirtækið hafa aðgengilegar upplýsingar um RGP (bæklinga, bækur) til dæmis um jarðfræðiarfleifð RGP og EGN/UGG og/eða vera skreytt með myndum af landslagi geoparksins eða upplýsingum um jarðfræði hans.

3.3. Fyrirtækið er hvatt til að hafa til sýnis yfirlýsingu/merki hannaða af RGP þar sem fram kemur að fyrirtækið sé: *Viðurkennt samstarfsfyrirtæki Reykjanes UNESCO Global Geopark (e. Reykjanes UNESCO Global Geopark Certified Enterprise).*

- 3.4. Ef fyrirtækið býður upp á ferðir undir leiðsögn, skulu leiðsögumenn þeirra sem ekki hafa tilskilda menntun hvattir til að sækja staðarleiðsögu námskeið eða sambærilegt.
- 3.5. Vöruframleiðandi skal hafa þróað að minnsta kosti eina vöru þar sem mikilvægt hráefni vörunnar kemur úr Reykjanes Geopark. Leyfi fæst til að nota merkið: *Afurð úr Reykjanes UNESCO Global Geopark (e. Product of Reykjanes UNESCO Global Geopark)*.
- 3.6. Veitingastaðir sem bjóða a.m.k. upp á einn aðalrétt þar sem notast er við mikilvægt hráefni sem á uppruna sinn í RGP og geta sagt frá því hráefni sem notað er í þá rétti sem boðið er upp á, hafa heimild til að nota merkið: GEOfood.
- 3.7. Hafi fyrirtæki leyfi til að nota merki GEOfood skal merkið vera sýnilegt gestum veitingastaðarins, á vegg og/eða matseðli.

4. Skyldur Reykjanes Geopark gagnvart samningsaðila

- 4.1. RGP lætur fyrirtækinu í té yfirlýsingu sem fyrirtækið getur haft til sýnis í höfuðstöðvum sínum.
- 4.2. RGP skal láta fyrirtækinu í té merki RGP til afnota í kynningarefni þess.
- 4.3. RGP skal láta fyrirtækinu í té tilheyrandi merki: *Viðurkennt – Reykjanes UNESCO Global Geopark – Certified Enterprise*.
- 4.4. RGP skal birta lista yfir samstarfsfyrirtæki sín á heimasíðu sinni og heimasíðu Markaðsstofu Reykjaness með tengingu á vefslóð þeirra.
- 4.5 RGP skal leitast við að láta samstarfsfyrirtæki njóta forgangs við kynningu á starfssemi innan geoparksins.
- 4.6. RGP skal upplýsa samstarfsfyrirtæki sín um námskeið o.þ.h. sem hann stendur fyrir og láta þeim í té eintök af nýju kynningarefni (t.d. bókum, handbókum, kortum og bæklingum).
- 4.7. RGP ber ábyrgð á því að leitast við að sjá til þess að fyrirtækið fari eftir ákvæðum þessa samnings.
- 4.8 RGP skal reglulega láta stjórn EGN í té lista yfir samstarfsfyrirtæki sín.

5. Riftun samningsins

- 5.1 Ef annar hvor samningsaðila hefur brotið einstök samningsákvæði og hinn samningsaðilinn telur að skilyrði séu brostin fyrir áframhaldandi samstarfi skal hann tilkynna hinum aðilanum um einhliða uppsögn samningsins með ábyrgðarbréfi. Í bréfinu skal vera lýsing á því hvers vegna samningnum er rift og miða hana við dagsetningu eigi síðar en 60 dögum frá sendingu bréfsins.
- 5.2. Hvor aðili um sig getur sagt sig frá samningnum vegna „force majeure“ (í þessu tilviki skýrt sem óvæntir eða truflandi atburðir sem trufla eða hamlar á alvarlegan hátt starfssemi hans). Við þessar aðstæður skal senda samstarfsaðilanum ábyrgðarbréf þar sem áformum um samningsslit skulu kynnt og ástæður þeirra tilgreind innan þriggja mánaða frá atburði.
- 5.3. Báðir aðilar geta ákveðið með samkomulagi að rifta samningnum áður en hann rennur út.

6. Samningstími

- 6.1 Samningstíminn skal vera frá dagsetningu undirritunar til tveggja ára. Eftir þann tíma er samningurinn endurnýjaður eftir úttekt geoparksins á starfssemi fyrirtækis og þróun þess í anda RGP.

Viðauki 1

Reykjanes Geopark lætur samstarfsaðilum sínum í té eftirfarandi merki til notkunar samkvæmt samningi þessum.

VIÐURKENNT FYRIRTÆKI - CERTIFIED ENTERPRISE

Merkið er ætlað þjónustuaðilum sem starfa í Reykjanes Geopark samkvæmt þeim kröfum sem fram koma í samningi þessum.



STAÐSETT INNAN - LOCATED IN

Merkið er ætlað þjónustuaðilum sem starfa í Reykjanes Geopark samkvæmt þeim kröfum sem fram koma í samningi þessum.



VARA ÚR - PRODUCT OF

Merkið er ætlað vöruframleiðendum sem hafa þróað að minnsta kosti eina vöru þar sem mikilvægt hráefni vörunnar kemur úr Reykjanes Geopark samkvæmt þeim reglum sem kveðið er á um í samningi þessum.



FRAMLEITT INNAN – MADE IN

Merkið er ætlað vöruframleiðendum sem hafa þróað að minnsta kosta eina vöru þar sem mikilvægt hráefni vörunnar kemur úr Reykjanes Geopark samkvæmt þeim reglum sem kveðið er á um í samningi þessum.



GEOfood

Merkið er samvinnuverkefni norrænna geoparka. Það er ætlað veitingastöðum sem bjóða upp á a.m.k. einn aðalrétt þar sem notast er við mikilvægt hráefni sem á uppruna sinn í Reykjanes Geopark samkvæmt þeim reglum sem kveðið er á um í samningi þessum. Merkið skal standa með merkinu *Product of Reykjanes UNESCO Global Geopark*.

